

Annar fundur vetrarins 2008-2009 í stjórn foreldrafélags Sjálandsskóla var haldinn þriðjudaginn 7.október 2008 í Sjálandsskóla og hófst fundurinn kl.12.00

Mættir: Guðrún Kristjánsdóttir, Jóna Þorvaldsdóttir, Berglind Víðisdóttir, Einar Páll Tamini, Aníta Sigurbergisdóttir og Elma Vagnsdóttir.

Fundargerðina ritar Berglind Víðisdóttir – ritari félagsins

Farið var lið fyrir lið í dagskrá fundarins og tekin afstaða til hvers liðs fyrir sig.

Dagskrá fundarins var:

1. **Kynning á nýjum meðlimum stjórnar.** Guðrún bað stjórnarmeðlimi um að kynna sig og í hvaða bekkjardeildum þeirra börn væru. Stjórnarmeðlimir gerðu það. Ákveðið var skipun stjórnar á þá leið að Guðrún veður áfram formaður, Aníta verður varaformaður, Elín gjaldgeri, Berglind ritari, Einar, Elma og Jóna verða meðstjórnendur en Einar situr jafnframt í skólaráði.
2. **Fundargerð síðasta fundar.** Guðrún les fundargerði síðast fundar og spunnust nokkrar umræður í kjölfar þess. Ekki komu athugasemdir við fundargerðina og hún telst því samþykkt.
3. **Leikhúsfélag.** Ákveðið var að fresta því að fara með börnin í leikhús sem fyrirhugað var þann 14.desember næstkomandi. Ástæðan er sú að stjórn fannst framboðið á leikritum í desember ekki nógu spennandi og ákveður því að bíða og sjá framboð leikrita leikhúsanna í vor. Fram kom tillaga að fá farandleikhús til að vera með einhverja skemmtilega jólasýningu þennan dag og jafnvel athuga með ákjósanlegan sal í nágrenni skólans. Á eftir væri boðið upp á jólakaffi í skólanum. Guðrún tekur að sér að athuga með sal í Jónshúsi og eða í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.
4. **Samantekt af kynningarfundum bekkjardeilda.** Guðrún segir okkur frá hvernig til tókst með kynningarfundina. Margt var rætt í því samband.
5. **Undirbúningur fyrir fund með bekkjarfulltrúum.**

Miklar umræður spunnust í stjórn fundinn sem verður með bekkjarfulltrúum næstkomandi fimmtudag, 9. október. Ákveðið var að þrír úr stjórn myndu mæta á þann fund. Þar verða línur lagðar fyrir starf bekkjarfulltrúa í vetur. Ákveðið var hvetja eindregið til myndunar vinahópa. Aníta tekur saman upplýsingar er varðar markmið og tilgang vinahópa og sendir á stjórn til samþykktar. Þessar upplýsingar verða kynntar bekkjarfulltrúum. Þeir ákveða síðan hvernig skipulag vinahópa verður í þeirra bekkjardeildum. Stjórn vill leggja sitt að mörkum til að benda bekkjarfulltrúum og foreldrum á mikilvægi og tilgang vinahópa. Jafnframt var ákveðið að bekkjarfulltrúar kemur sjálfir með tillögur af mögulegum viðburðum í vetur (brain storming). Ákveðið var að ítreka á fundinum að taka frá 14. desember.

**6. Foreldrafélag / Skólaráð – margir áhugasamir um að taka þátt.** Guðrún ræddi í stuttu máli um hvernig skipað er í skólaráð. Rætt um hlutverk barna í því ráði en samkvæmt nýju lögunum þá skal fulltrúi nemenda sitja í ráðinu.

## **7. Önnur Mál;**

- a. Ýmis atriði úr tölvupósti.** Tölvupóstsamskipti stjórnar rædd. Í hvaða formi er best að senda út bréf og tilkynningar frá foreldrafélaginu. Ákveðið að setja símanúmerin okkar á vef skólans og einnig að fá pósthfang (helst [foreldrafelag@sjalandsskoli.is](mailto:foreldrafelag@sjalandsskoli.is)) sem færi á alla stjórnina. Einnig ákveðið að setja mikilvæga viðburði á vegum foreldrafélagsins inn á viðburðardagatal skólans.
- b. Hlutverk foreldravél í nútímanum – hugmyndir.** Hlutverk félagsins rætt. Ákveðið var að stjórn félagsins hittist 1x í mánuði. Næsti fundur væri ákveðinn jafnóðum á fundunum eða mánuð fram í tímann. Við munum boða Ólöfu aðstoðarskólastjóra á fundina þar sem við teljum mikilvægt að bein tenging sé frá stjórninni til skólastjórnenda.
- c. Samskipti frá foreldrafélaginu til foreldra – hvað þarf að senda?** Allir foreldrar fá tölvupóst eftir bekkjarfulltrúa fundinn og þeir þar upplýstir um

niðurstöðu þess fundar. Einnig ákveðið að mikilvægt væri að skerpa á því við foreldra hvaða hlutverk bekkjarfulltrúar hafa annarsvegar og foreldrafélagið hins vegar.

- d. **Önnur mál sem rædd voru:** Afleiðingar erfiðleika í þjóðfélaginu á líðan og hegðun barnanna lá þungt á stjórnarmönnum og gefur tilefni til sérstaks fundar í þá umræðu. Samþykkt að það væri ábyrgt af foreldrafélaginu að láta til sín taka við ástand sem þetta og kalla til auka fundar í næstu viku með stjórnendum skólans.

Næstu fundir;

Miðvikudaginn 15.okt kl. 12.00

Þriðjudaginn 18.nóvember kl. 12.00

Fundirnir verða í Sjólandsskóla.